# Vanda hjálparstöðvarinnar verður að leysa

Kjallarinn



**Guðrún Agnarsdóttir**
þingkona Samtaka um Kvennalista

Á þinginu 1984 flutti Kvennalistinn þingsályktunartillögu um athvarf fyrir unga fíkniefnaneytendur. Þessari tillögu var vísað til ríkisstjórnarinnar á þeim forsendum að stjórnskipuð nefnd væri þegar að vinna að þessu verkefni og mundi gera um það tillögur. Nefndin hefur nú skilað tillögum sínum til heilbrigðisráðherra fyrir allöngu en þó ekkert verið aðhafst af hálfu stjórnvalda í þessum efnum.

**Hjálp í viðlögum**

Í desember 1985 hóf starfsemi sína hjálparstöð fyrir börn og unglinga á vegum Rauða kross Íslands og er hún til húsa að Tjarnargötu 35. Tilgangur stöðvarinnar samrýmist þeim grundvallaratriðum sem Rauði krossinn byggist á og starfar eftir, þ.e. að veita hjálp í viðlögum og sinna fyrirbyggjandi starfi, í þetta sinn fyrir unglinga allt að 18 ára aldri. Einnig var þessu framtaki jafnframt ætlað að vera könnun á því hve mikil þörf er á slíku athvarfi, þ.e. hver fjöldi þeirra barna og unglinga er sem eiga í vanda vegna ávana- og fíkniefnaneyslu og einnig af hvaða rótum sá vandi er runninn.

Stöðin hefur nú starfað í rúmlega eitt ár og verið opin allan sólarhringinn. Á þeim tíma hafa leitað til hennar 80 einstaklingar 137 sinnum, 44 stúlkur og 36 drengir. Sextíu og átta sinnum komu einstaklingar með lögheimili í Reykjavík, 46 sinnum utan af landi og 23 sinnum úr nágrannabyggðum Reykjavíkur. Meðalaldur þeirra var 17 ár, meðaldv[illegible]artími 6,6 nætur.

**…og hjartarúm**

…naði við rekstur stöðvarinnar hefur verið haldið í lágmarki, bæði með hagsýni en ekki síður með ómældri sjálfboðavinnu. Kostnaður Rauða krossins af rekstri stöðvarinnar var 4,8 milljónir kr. á árinu 1986. Stöðin hefur haft samvinnu við opinberar stofnanir og einstaklinga sem sinna þeim vanda er að unglingunum steðjar, eins og t.d. unglingaráðgjöf ríkisins, unglingadeild Félagsmálastofnunar Reykjavíkur, SÁÁ að Vogi, félagsráðgjafa og sálfræðinga.



„Stöðin er ekki meðferðarstofnun í eiginlegum skilningi, en hjálp hennar er fyrst og fremst fólgin í því að veita bágstöddum börnum og unglingum húsaskjól, öryggi, næringu, svefn- og hvíldaraðstöðu, snyrti- og þvottaaðstöðu.

Stöðin er ekki meðferðarstofnun í eiginlegum skilningi, en hjálp hennar er fyrst og fremst fólgin í því að veita bágstöddum börnum og unglingum húsaskjól, öryggi, næringu, svefn- og hvíldaraðstöðu, snyrti- og þvottaaðstöðu. Einnig og ekki síst, aðstoð við að greina vanda sinn með umræðum, hvatningu, stuðningi og ábendingum til lausnar. Aðalreglan við móttöku gesta á stöðina er að viðkomandi óski sjálfur aðstoðar.

Enginn vafi er á því að hjálparstöðin gegnir mikilvægu hlutverki og ótvíræð þörf er fyrir starfsemi af þessu tagi. Rauði krossinn hefur lagt fram fé til reksturs stöðvarinnar fyrir fyrsta ársfjórðung þessa árs, en vegna annarra verkefna og skuldbindinga Rauða krossins treysta forráðamenn hans sér ekki til að leggja af mörkum meira fé til þessarar stöðvar. Velunnarar stöðvarinnar eru nú uggandi um hag hennar í næstu framtíð nema til komi stuðningur frá opinberum aðilum, bæði ríki og sveitarfélögum.

Þess vegna bar ég fram fyrirspurn til forsætisráðherra fyrir hönd Kvennalistans um það hvort framkvæmdanefnd ríkisstjórnarinnar um ávana- og fíkniefni gerði ráð fyrir áframhaldandi rekstri hjálparstöðvarinnar. Einnig spurði ég að því hvort ríkisstjórnin mundi tryggja nægilegt fé til reksturs stöðvarinnar á þessu ári.

**Svör ráðherranna lofa góðu**

Í svari Steingríms Hermannssonar forsætisráðherra kom fram að framkvæmdanefnd ríkisstjórnarinnar til að samhæfa aðgerðir í baráttunni gegn útbreiðslu og notkun ávana- og fíkniefna hefði verið mjög starfsöm síðan hún var skipuð í maílok 1986 og hygðist senn skila tillögum sínum.

> „Velunnarar stöðvarinnar eru nú uggandi um hag hennar í næstu framtíð nema til komi stuðningur frá opinberum aðilum, bæði ríki og sveitarfélögum."

Hann bjóst við því að tillögur um afgreiðslu á erindi Rauða krossins vegna hjálparstöðvarinnar mundu liggja fyrir í lok febrúarmánaðar. Jafnframt taldi hann fullan skilning vera á því að þessari starfsemi yrði að halda áfram og reyndar að auka.

Í sama streng tók Ragnhildur Helgadóttir heilbrigðisráðherra. Hún vildi reyndar kanna þá leið til þrautar að Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu tækju að sér rekstur stöðvarinnar. Hins vegar taldi hún að ríkið yrði með einhverjum hætti að koma til stuðnings ef ekki tækist að koma rekstrinum yfir til sveitarfélaganna því að þessi starfsemi hefði sannað gildi sitt og haft mikla þýðingu í samstarfi við heilbrigðisstofnanir sem sinna börnum og unglingum.

**Lofa skal þó dag að kveldi**

Það ber að fagna svo góðum undirtektum tveggja ráðherra. Einnig er ánægjulegt að þetta mikilvæga málefni skuli mæta góðum skilningi. Hins vegar hafa stjórnvöld ekki séð ástæðu til þess hingað til að beina sérstökum aðgerðum að því að sinna fyrirbyggjandi starfi eða meðferð fyrir unglinga vegna vímuefna. Þrátt fyrir miklar umræður um þau mál, bæði á Alþingi, í fjölmiðlum og meðal almennings. Mörgum hefur því orðið tamt að treysta orðum þeirra varlega en bíða eftir því að heyra verkin tala.

Úrræði til meðferðar og forvarna gegn vímuefnum varða í raun stefnumörkun í málefnum fjölskyldunnar. Slík stefnumörkun var aldrei forgangsverkefni þessarar ríkisstjórnar. Tveir ráðherrar hafa nú lýst yfir velvilja og skilningi á þeim brýna vanda sem hjálparstöð Rauða krossins býr við þar eð rekstur hennar er einungis tryggður til aprílloka.

Nú bíðum við eftir aðgerðum.

Guðrún Agnarsdóttir

---

**Kristín Halldórsdóttir:**

## Styrkur í góðri útkomu

„Okkar hlutur kemur ekkert á óvart, við eigum augljóslega mjög staðfast fylgi. Og okkur er styrkur í að fá góða útkomu í skoðanakönnunum æ ofan í æ," segir Kristín Halldórsdóttir, Kvennalista, um könnun DV. Kvennalistinn fékk 12,3 prósent í könnuninni og 10,1 prósent í kosningunum í vor.

„Fylgisaukning Framsóknar kemur mjög á óvart, en biddu mig ekki um að skýra hana, nema að ástæðan sé sú eina kona sem hefur bæst í þingflokk þeirra," segir Kristín Halldórsdóttir.

-JGH

Allar gerðir sendibíla
2 50 50
SENDIBÍLASTÖÐIN
Borgartúni 21



Landsfundur Samtaka um kvennalista var haldinn um helgina. Hér má sjá þrjár af þingkonum Kvennalistans spjalla saman á fundinum, f.v.: Kristín Halldórsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir og Þórhildur Þorleifsdóttir.

DV-mynd GVA

## Þingkonur á landsfundi

Nánar segir frá landsfundinum á bls. 4

16/11 '87